

Samráðsfundur á Hvolsvelli

Dags: 20. nóv. 2008

Aðili: Náttúruverndarsamtök Suðurlands (NS)

Þátttakendur: Ólafía Jakobsdóttir, Birgir Þórðarson, Ragnheiður Jónasdóttir, Sigbrúður Jónsdóttir

Kontakt: Ólafía: 892-9650, olafiaj@centrum.is. natturuvernd@nss.is

Frá verkefnisstjórn: Svanfríður og Tómas

1. NS voru stofnuð fyrir um 18 árum en voru endurvakin 2005. Starfsemin teygir sig yfir allt S-land og V-Skaftafellssýslu. Fyrir samtökunum fer 5 manna stjórn auk 3ja varamanna og lögð er áhersla að stjórnarmenn komi frá sem s flestum hlutum starfssvæðisins. Almennt talað er hlutverk samtakanna að kynntu „að gæta hagsmuna náttúrunnar“. Sjá nánar á heimasíðunni www.nss.is. NS er í samráðshópi umhverfisráðuneytis um samstarf við frjáls félagasamtök.
2. Mættu höfðu kynnt sér tiltækt efni um starf rammaáætlunar sem liggur frammi á netinu, Höfðu unnið út frá því greinargerð þar sem þau lýstu sjónarhóí sínum á orkukostum á Suðurlandi almennum orðum og lögðu fram sitt mat á eftirtöldumkostum: Ölkelduháls, Grændalur, Kerlingarfjöll, Torfajökulssvæðið, Vonarskarð, Markarfljót, Hólmsá, Langasjó og Skaftá. (sjá greinargerð.)
3. NS litu svo á að „virkjunarkostum á Suðurlandi hefur rignt yfir okkur og við erum í sífelldri varnarstöðu.“ Átök hefðu verið mikil og , t.d. „hráskinnaleikurinn“ í kringum Þjórsárver, hefðu „fyllt fólki mikilli tortryggni“.
4. Minntu a að ferðaþjónusta væri mjög mikilvæg, sérstaklega þar sem hefðbundinn landbúnaður hefði dregist saman. Ferðaþjónustan á svæðinu gerði mikið út á náttúruna.
5. Fullyrðu að yfirlýsing og samstarf sveitarfélaga á Þjórsársvæði um að aðeins yrði leyfðar virkjanir ef orka myndi notuð í hreimabyggð, hafi „komið mjög flatt upp á alla hér“. Vissu ekki betur en að þetta hafi komið til án allra umræðna. Sögðu þetta sjónarmið hefi líka komið fram í sveitarstjórn Ölfusar vegna virkjunar Bitru (skilyrði um að orkan yrði notuð á iðnaðarsvæðinu við Þorlákshöfn).
6. Sjónarmið NS er að „verndun vegi jafn þungt á vogarskálum og virkjun“. Vernduð svæði gætu þó verið nýtt og verið atvinnuskapandi, sbr. t.d. Geysir.
7. Hafa áhyggjur af áhuga landeigenda um að fara í stórar virkjanaframkvæmdir: “A.m.k. 15 MW áform í Hverfisfljóti með RARIK sem bakhjarl“. Einnig pælingar í Skaftá og Brúará.
8. NS töldu að rammaáætlun ynni gott starf því „gott að hafa framtíðarsýn sem mildir átöki“, þau þurfa ekki að vera sífellt á verði og alltaf í varnarstöðu. Binda vonir við að rammaáætlun geti skapað sátt en eru hrædd við þegar Alþingi taki við málinu verðir „dreginn allaur mátt úr stefnunni sem rammaáætlunar hafi markað.“
9. Ræddu mikilvægi þess að landsskipulag fylgdi með vinnu rammaáætlunar og niðurstöðu.